



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 138/911**  
**komudagur 15.1.2010**

14. janúar 2010  
Dags. yðar: 28. desember 2009  
SI-59930

Nefndasvið Alþingis  
nefnasvid@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um bókhald, nr. 145/1994, með síðari breytingum, 219. mál.

Með tölvupósti dags. 28. desember 2010, óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.


Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur m.a. fram að það hafi verið lagt fram á 136. löggjafarþingi 2008-2009 en hafi ekki verið afgreitt úr efnahags- og skattanefnd fyrir þinglok. Þá segir ennfremur að frumvarpið sé nú lagt fram að nýju lítillega breytt með hliðsjón af þeim athugasemdum sem efnahags- og skattanefnd bárust frá hagsmunaaðilum.

Efnahags- og skattanefnd Alþingis óskaði þá eftir umsögn Seðlabankans um nefnt frumvarp og sendi bankinn nefndinni umsögn sína í bréfi frá 9. mars 2009, þar sem tekið var fram að bankinn geri ekki athugasemdir við frumvarpið.

Í samræmi við fyrri umsögn sína gerir Seðlabanki Íslands ekki heldur athugasemdir við frumvarp það sem nú liggur fyrir.

Virðingarfyllst  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

  
Sigríður Logadóttir  
aðallögfræðingur

*Fylgiskjal:* Umsögn Seðlabanka Íslands til efnahags- og skattanefndar frá 9. mars 2009 um fyrra frumvarpið.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK  
SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

9. mars 2009  
SI-50123

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 5. mars 2009, sem barst í tölvupósti sama dag, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breyting á lögum um bókhald, nr. 145/1994, 244. mál

Frumvarp þetta er flutt samhliða lagafrumvarpi til breytinga á lögum um ársreikninga, 245. mál. Meginbreytingar þær sem hér eru lagðar til eru í samræmi við breytingar í frumvarpi til breytinga á lögum ársreikninga varðandi hlutverk endurskoðenda annars vegar og skoðunarmanna hins vegar. Til viðbótar er lagt til að heimild félaga til að hafa texta bókhaldsbóka og ársreikninga á dönsku eða ensku í stað íslensku verði víkkuð út til annarra félaga en þeirra sem hafa heimild til að hafa reikningskilin í erlendum gjaldmiðli, svo og ákvæði varðandi geymslu bókhaldsgagna erlendis í allt að sex mánuði.

Seðlabankinn gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Svein Harald Öygard  
seðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri